

priced, 80804
Allen Gudm.

35 einstök.

Pinggerð 32. bings U.M.S.K.

april

- I. 32. annað bing U.M.S.K. var haldið laugardaginn 9. ~~maí~~ 1955 í barnaskólanum ~~á~~ Kópavogshreppi. Formaður sambandsins, Axel Jónsson setti bingið með nokkrum orðum og bauð fulltrúa velkomna til bingstarfa.
- II. Þá var kosin kjörbréfaneftnd og hlutu bessir kosningu: Gísli Andrésson, Hörður Ingólfsson, Páll Ólafsson. Tók nefndin þegar til starfa og skilaði álíti stuttu síðar. Hafði Gísli Andrésson orð fyrir nefndinni. Voru kjörbréf allra fulltrúa samþykkt einróma. og voru fulltrúar bessir:

Frá U.M.F. Bessastaðahr.

Helgi Jónsson,
Armann Pétursson,
Einar Ólafsson,
Jóhann Jónsson, form. fél.

Frá U.M.F. Breiðablik,

Gestur Guðmundsson,
Gunnar Guðmundsson,
Pétur Súmarliðason,
Magnús B. Kristinsson,
Garðar Óskarsson,
Sigurður Guðmundsson, form. fél.

Frá U.M.F. Afturelding,

Lárus Halldórsson, (mætti ekki)
Sveinn Þórarinsson,
Guðjón Hjartarson,
Hörður Ingólfsson,
Hreinn Ólafsson,
Guðmundur Magnússon,
Sig. Gunnar Sigurðsson, form. fél.

Frá U.M.F. Kjalnesinga, :

Bjarni Þorvarðarson, (mætti ekki)
Kristján Þorgeirsson,
Páll Ólafsson,
Jón Ólafsson, form. fél.

Frá U.M.F. Drengur, :

Gísli Andrésson,
Hjáll Guðmundsson,
Ólafur Ág. Ólafsson,
Magnús Sæmundsson,
Helgi Jónsson,
Hjalti Sigurbjörnsson, form. fél.

- III. Þá voru kosnir starfsmenn bingsins:

1. bingforseti: Ólafur Ág. Ólafsson,
2. - Gunnar Guðmundsson,
3. - Armann Pétursson.

Ritarar: Gestur Guðmundsson,
Pétur Sumarliðason,

IV. Alit millibinganefndar, laganeftnd:

Gísli Andrésson hafði framsögu fyrir nefndinni. Gat hann bess að nefndin hefði fjallað að nokkru um löginn. Nokkrar breytingar hefðu verið gerðar á undanförnum þingum, en breytingar bær aðeins tilgreindar í þinggerðum og væri því nauðsynlegt að setja bessar breytingar inn í löginn. Þas hann síðan upp löginn neð þeim breytingum, sem orðið hafa á undanförnum árum og lagði síðan fram nokkrar breytingatillögur millibinganefndar, sem hann óskaði að vísað yrði til beírrar laganeftndar, er kosin yrði á bessu þingi. Umræður urðu engar en málínu vísað til vœtanlegrar laganeftndar.

V. Þá fór fram kosning nefndanefndar: og hlutu þessir kosningu:

Sveinn Þórarinsson,
Hjalti Sigurbjörnsson,
Kristján Þorgeirsson,
Sigurður Guðmundsson,
Helgi Jónsson,

Nefndin tók þegar til starfa og skilaði áliti stuttu síðar:

I laganeftnd:

Gísli Andrésson,
Magnús B. Kristinsson,
Lárus Halldórsson,
Pétur Sumarliðason,
Hreinn Ólafsson,

I félagsmálanefnd:

Gunnar Guðmundsson,
Ólafur Ág. Ólafsson,
Sigurður G. Sigurðsson,
Kristján Þorgeirsson,
Ármann Pétursson,

Allsherjarneftnd:

Hjalti Sigurbjörnsson,
Sigurður Guðmundsson,
Jón Ólafsson,
Helgi Jónsson,
Sveinn Þórarinsson,

I íþróttaneftnd:

Garðar Óskarsson,
Hörður Ingólfsson,
Njáll Guðmundsson,
Jóhann Jónsson,
Guðjón Hjartarson,
Helgi Jónsson.

I fjárhagsnefnd:

Gestur Guðmundsson,
Páll Ólafsson,
Magnús Sæmundsson,
Guðmundur Magnússon,

VI. Skýrsla Stjórnarinnar:

Axel Jónsson, formaður sambandsins tók til máls. Hann gat bess í upphafi að bingið væri haldið nokkru seinna en undanfarin ár og lægu til bess ýmsar ástæðjur. Félagatala sambandsins er nú 373 félagar. Formaður ~~hvað~~ starfið hafa orðið minna á árinu en æskilegt hefði ~~veri~~ væri orsókin sú meðal ~~kvæmmatannum~~ fólsfekkun sveitanna og mikið annríki viðast hvar og ~~væri~~ væri því eðlilega minni tími til að starfa að félagsmálum bött það sé auðvitað æskilegast að hafa sem mestan tíma til beirra mála.

Formaður ræddi nokkuð um héraðsmót í frjálsum íbróttum, sem háð var í júlimánuði á Leirvogstungubökkum. Fyrirhugað drengjamót hafði fallið niður á árinu og byrfti að leggja meiri áherzlu á þann lið íbróttanna í framtíðinni. Þá ræddi hann nokkuð um íbróttadaginn. Taldi hann Hafa heppnast vel meðal sambandsfélaganna og árangur orðið gðour.

Formaður taldi þáttöku í samnorðenu sundkeppninni hafa orðið með afbrygðum gðða í sýslunni og hafi þar orðið mikil sókn frá fyrri keppninni. Hann sagði að sýslubúar hefðu hér gefið gott fordæmi og ef fleiri hefðu sýnt sama áhuga hefði sigur Íslands verið tryggður í keppninni.

Síðan þakkaði formaður sundnefndinni gott og árangursrikt starf en í henni áttu sæti brír menn frá sambandinu. Þá ræddi formaður nokkuð um handknattleikslið U.M.F. Aftureldingar og óskaði eftir að fleiri félög tækju þátt í beirri íbrótt.

Fyrirhugað var að halda héraðsmót í starfsíbróttum, en af því varð ekki vegna bess að Stefán Jónsson, sem starfar að þeim málum á vegum U.M.F.I. kom svo seint úr för sinni utan af landi að ógerlegt var að halda mótið. Formaður taldi félögnum skylt að halda þessari í þrótt sem mest vakandi og sjá um móti í þeim.

Formaður taldi að meiri von væri um að hægt yrði að fá þjálfara fyrir sambandið á næsta ári en verið hefði undanfarið.

Fyrirhugað héraðsmót í knattspyrnu féll niður á árinu, einnig sundkeppni en fyrir henni virtist ekki vera neinn áhugi meðal félaganna.

Utanferð sambandsins taldi hann ekki geta orðið á þessu sumri vegna landsmótsins á Akureyri en hinsvegar væri rétt ~~há~~ að hafa allan undirbúning að því, að af þessari ferð gæti orðið á næsta ári.

Ein skemmtun til fíðröflunar var haldin á árinu. Farin var ein skemmtiferð í Þórmörk. Þá ræddi formaður nokkuð um væntanlegt landsmót U.M.F.I. á Akureyri og hvatti félaga til keppni og þáttöku í sambandi við mótið. Formaður ræddi síðan nokkuð um ályktanir síðasta héraðsbings og gat bess m.a. að U.M.F.I. væri búið að semja við Stef og hafði sá samningur tekist vonum framar. Að endingu þakkaði formaður gott samstarf við stjórnarmeðlimi og félagsmenn allar árinu.

Síðan var gefið matarhlé

Klukkan 13,20 hófst fundur að nýju. Tekin voru fyrir félagsmál. Framsögunaður Gunnar Guðmundsson, ræddi á við og dreyf um ~~um~~ samtök og kynningarstarfsemi ungmannafélaganna í landinu. Hann taldi nauðsynlegt að efla og kynna betur störf og stefnumál ungmannafélaganna meðal landsmanna en verið hefir. Lagði hann áherzlu á að kynna betur en gert hefir verið ~~um~~ ungmannafélagsskapinn innan U.M.S.K. með því t.d. að hafa sameiginlega dagskrá, sem öll félögin á sambandssvæðinu tækju þátt í, með því móti að tekinn sé upp þáttur frá hverju félagi fyrir sig á stálbrað. Safnað bannig skemmtipáttum og beir síðan kynntir á skemmtunum sambandsins og felaganna. Jafnframt mætti flytja sumt efnið í útvarpið. Taldi ræðumaður miklu auðveldara að fá kvöldvökubætti með þessu móti en ella þar sem nokkur fjarlægð er á milli félagssvæða. Lagði hann síðan fram tvær tillögur í þessa átt.

Petur Sumarliðason tók næstur til máls. Ræddi hann nokkuð um þinghald sambandsins. Taldi hann eðlilegt að þingið væri haldið á beimistað er heppilegaður væfi og þingkostnaður væri sameiginlegur útgjaldaliður allra félaganna í sambandssjóð. Þá ræddi hann nokkuð um lög ungmannafélagann. Taldi hann að þau væru á þýmsan hætt í ósamræmi milli félaganna og ákvæðum reglur ekki bær sömu hjá öllum felögunum. Beinti hann beim tilmaelum vantanlegra fulltrúa á Þing U.M.F.I. að beir þær þar fram tillögu um að U.M.F.I. léti semja stofnlög er giltu fyrir öll ungmannafélög, stofnlög fyrir héraðasamböndin og síðan yrðu lög UÖMF.I. endurskoðuð með tilliti til þessara laga. Væri þetta nauðsynlegt til þess að sömu ákvæði ríktu innana allra félaganna og sambandanna.

Lengslum. Ræðumaður taldi starf ungmannafélaganna hafa breyst mikið síðustu árin, bar sem ungmannafélögin væru að mestu orðin íþrótt og skemmtifélög, en hinsvegar hefðu þau að mestu slitnað um þarattu bjóðarinaar frá degi til dags, en einmitt í sambandi við þau mál risu ungmannafélaðin hæst. Nú er öll bjóðmálabarátta kölluð pólitík og félögin hafa skuldbundið sig til að vera ekki pólitisk, en það þýðir, að þau skifta sér mjög takmarkað af bjóðmálum. Um leið hefir málfundastarfsemin fallið niður og starfið orðið eðms og áður er sagt íþrótt og skemmtistarfélag er hin forna líftaug ungmannafélaganna skorin um þvert.

Axel Jónsson talaði næstur: Hann lagði til að félögin gerði meira að því að koma á fundi hvert hjá öðru, mundi slikt auka kynni milli félaganna. Hann ræddi því næst um lög ungmannafélaganna og taldi hann gæta mikils ósamræmis í lögum og ákvæðum milli félaga. Þá ræddi hann nokkuð um íþrótt starfsemina á vegum ~~um~~ félaganna. Taldi hann að starf félaganna snerasi of mikið um íþróttir. Það væri margt annað, sem ekki væri síður nauðsynlegt að halda vakandi. Ennfremur sagði hann að mörg mál, sem í eðli sínu tilheyrðu undir starfsemi ungmannafélaganna væru nú ekki rædd þar, vegna bess að þau væru stimpluð sem pólitík, eða óttast væri að það væri kallað pólitík og lagði áherzlu á það að ungmannafélögunum væru engin mál þjóðarinnar óviðkomandi og bæri því að ræða hvert mál með sanngirni og án deilna, annars væru félögin ekki starfi sínu vaxin sem Ungmannafélag Íslands. Þá taldi hann að ungmannafélagsskapurinn væri ekki nægjanlega kynntur meðal bjóðarinnar og byrfti að vinna ötullega að því að kynna ungu kynslöðinni félagsskapinn og bjóðinni allri. Taldi hann rétt að ráði yrði framkvæmdastjóri á vegum U.K.F.I. og hefði félagið opna skrifstofu, sem annaðist þessa starfsemi og ungmannna félagar utan af landi gætu snúð sér til begar þeir eru staddir í þennum. Axel lagði síðan fram tvær tillögur í þessu sambandi og óskaði að þeim yrði vísað til félagsmálanefnd

VII. Bindindismál. Framsögunaður Páll Ólafsson, Hann taldi þetta mál hafa verið rætt á undanförnum bingum, en hinsvegar væru vandamálín aldrei of mikjöld rædd. Páll sagði að ástandið í þessum málum væri mjög slæmt og taldi að það sem beri að gera væri að setja á algert aðflutningsbann á alla áfengi drykkfjí. Gunnar Guðmundsson, talaði næstur og bekkaði Páli gððaframsögu í málinu. Hann kvað betta vera eitt mesta vandamál bjóðarinnar í dag. Taldi hann þó algert aðflutningsbann á áfengi ekki frankvæmanlegt í eins og nú væri en lagði áherzlu á að í skórum landsins væri haldið uppi öflugri bindindisfræðslu. Pétur Sumarliðason talaði næstur og taldi hann að ungmennafélagslögin og starfsemi ungmennafélaganna væri mjög í molum hvað snerti meðferð áfengis inni á skemmtunum félaganna sjálfra án bess að það væri talið koma í bág við félagslög né nein viðurlög væru bar við. Þó hefðu félögin á stefnu ~~hinn~~ skrá sinni að vinna að bindindi. Axel Jónsson, kvæddi sér hljóðs og ræddi á við og dreif um bessi mál. Hann taldi það vera stefnuskrá mál ungmennafélaganna að vinna að bindindi en misjafnlega mikjöld hefir verið unnið að þessum málum hjá hinum ýmsu félögum. Hann taldi að að fræðslumálastjórnin og skólanir gætu gert meira að því að útbreiða andúð á áfengi. Kennarastéttin hafi bezt áhrif á ungmenna og því nauðsynlegt að beir taki þessi mál föstum tökum. Lagði hann síðan fram tillögu í þessu sambandi. Forseti vísaði tillöggunni til allsherjarnefndar.

Iþróttamál.

VIII. Framsögunaður Axel Jónsson. Ræddi hann nokkuð um vantanlegt landsmót U.M.F.I., sem haldið verður á Akureyri næsta sumar. Mót þetta kvað hann vera efinlega mjög fjölmennt bar sem bað er landsmót samtakanna. Gaf hann ýmsar upplýsingar um mótsstaðinn og aðstöðu til keppni og hverjar yrðu keppnisgreinar að þessu sinni. Formaður gat þess að léttara mundi reynast að fá íþróttabjálfar á næsta ári og nauðsynlegt væri að tryggja sér kennara í tíma og lagði fram tillögu um það til íþróttanefndar. Sigurður Guðmundsson talaði næstur og ræddi um knattspyrnumót, sem ákveðið hafði verið á /U.M.F. Breiðabliks og U.M.F. Aftureldingar milli

Skýrði hann frá ástæðum bess, að mótt betta féll niður og vísaði til íþróttanefndar til úrskurðar á þeim ágreiningi er varð á milli bessara tveggja félaga í sambandi við betta fyrirhugaða mótt.

Hörður Ingólfsson ræddi nokkuð um vantanlegt landsmót U.M.F.I. á Akureyri. ~~Hyggði hana með ófærilegum~~ Bennti hann að mjög skemmtilegt væri, ef þátttakendur í keppni væru allir í eins búningum og beinti því til samband stjórnar að hún hlutaðist til um að svo gæti orðið. Þá mælti hann með því að sambandið gengi í K.S.I. enginn

Axel Jónsson upplýsti í þessu sambandi að ~~enginn~~ aukakostnaður væri við það að ganga í K.S.I.

IX. Fréttir af bingi F.R.I.

Axel Jónsson tók til máls. Hann gat bes. í upphafi máls síns að íþróttadagurinn, sem haldinn var á síðasta sumri hafi tekist mjög vel og sé ákveðið að halda þeiri venju áfrar að halda bennan dag helgaðan íþróttum. Myndi íþróttadagurinn í ár verða haldinn með svipuðu sniði og í fyrra. Taldi hann að markmiðið væri að ná sem flestum með í keppnina en ekki fyrst og fremst keppnisárangur. Keppni yrði á milli félaganna og útreikningur hafður sá sami og á milli íþróttabandalaga.

X.

Reikningar sambandsins

Gjaldkeri Páll Þlafsson las upp endurskoðaða reikninga sambandsins.

Tekjur á árinu voru kr.	13.803,92
Gjöld	6.341,40
Tekjuafgangur	7.462,52

Eign í árslok kr. 8.195,64

Reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir meðmálin samhljóða.

XI.

Alit bingnefnda

- A. Frá laganeftnd: Pétur Sumarliðason gerði grein fyrir lagabreytingum, en þær voru þessar:
Breyting á lo. gr. og lo. gr. verði ll.gr.
Breytingarnar bornar upp og samþykktar samhljóða. sjá bingskjal 2
Gísli Andréesson lagði til að lög sambandsins væru fjölrituð og send félögunum. Ræddi hann nokkuð um ósamræmi lagaákvæða ungmennafélaganna og sífelldar breytingar á þeim árlega. Taldi hann því sjálfsagt að U.M.F.I. gerði tillögur að stofnlögum fyrir öll ungmennafélögum. Forseti las síðan upp ályktun frá laganeftnd, sjá þákkj. 3 og var hún samþykkt samhljóða.
- Frá
- B. Allt allsherjarnefndar: Frsm. Sigurður Guðmundsson, Las hann upp tillögur nefndarinnar og gerði stutta grein fyrir þeim. Tillögurnar voru þessar:
1. Tillaga til fræðslumálaskýrnarinnar. samþ. shlj. Sjá þskj. 4
 2. Ályktun í handritamálínus. Sp. shlj. Sjá þskj. 5
 3. Tillaga um kvenfulltr. á sambandsþing. Sp. shlj. Sjá þskj. 6
 4. Tillaga um löggæzlu á skemmisamkomum. Sp. shlj. þskj. 7
 5. Tillaga í herstöðvamálínus. Sp. með 8 atkv. gegn 1 þskj. 8
 6. Ályktun um landhelgismál. Sp. shlj. Sjá þskj. 9
 7. Ályktun vegna löndunarbannsins. Sp. shlj. Sjá þskj. 10
 8. Ályktun um skógræktarmál. Till. félagsmálanefndar Sp. shlj. Sjá þskj. 11

Umræður um tillögur allsherjarnefndar.

1. Engar umræður urðu um þessa tillögu.
2. Bornar voru fram tvær till. í þessu málum, önnur um landhelgi deiluna en hin um skrif brezkra blaða í sambandi við togarslysir á Halamiðum með síðasliðinn vetur, og löndunardeiluna. Pétur Sumarliðason vildi kveða fastara að orði um löndunardeiluna en fella niður ummælin vegna blaðaskrifanna þar sem langt væri um liðið og ástæðulítið að vega oftar í bann knérunn. Nokkrar umræður urðu um tillögurnar og tóku þessir til máls:

6. og f.

Páll Ólafsson, Axel Jónsson, Gísli Andrésson, Hjalti Sigurbjörnss og Sigurður Guðmundsson.

Síðan vísaði forseti framkomnum tillögum til allsherjarnefnd ar aftur tím athugunar og gaf síðan kaffihlé.

Eftir kaffihlé hófst fundur að nýju og hafði forseta þingsins þá borist tillögurnar aftur frá allsherjarn., með smábreytingum og einnig tillaga um sama efni frá þeim Gísla Andréssyni og Pétri Sumarliðasyni.

Hófust nú aftur umræður um málið.

Dagsskráttillaga barst frá Jóni Ólafssyni þess efnis ---

-- Að bornar séu þegar mpp till. þær, sem komið hafa fram um samskifti Ísleðinga og Bretta.

Axel Jónsson bar þá fram aðra dagsskráttillögu svohljóðandi:

— Þar sem enn er ekki fullreyn特 nema takast megi að ná samkomulagi milli þeirra fulltrúa, sem flutt hafa till. í landhelgismálinu er málínu frestað og tekið fyrir næsta mál á dagskrá.

Till. sb. með 12 atkv. gegna 2 atkv.

Önnur mál tekin fyrir en síðar á fundinum tók forseti málið fyrir aftur.

Sigurður Guðmundsson, skýrði frá samkomulagi, sem varð um tillögurnar og bar forseti þær síðan undir atkv. Sjá þskj. 9 og 10.

2. Engar umræður urðu um þessa tillögu.

3. Engar umræður urðu um þessa tillögu.

4. Engar umræður urðu um þessa tillögu.

5. Hörður Ingólfsson tók fyrstur til mals. Taldi hann framkomna tillögu óþarfa þar eð ~~þam~~ bjóðinni ætti varla að stafa meiri hætta af dvöl nokkurra hermanna heldur en venjulegu skemmtiferðafólki er færi frjásilt ferða sinna um landið þvert og endilangt.

Jón Ólafsson talaði næstur og mótmælti þessu sjónarmiði Harðar Ingólfssonar og mælti með því að framkomin tillaga væri samp. Magnús B. Kristinsson talaði því næst og fórust orð á sama veg og Jóni Ólafssyni og mælti með sampykkt tillögunnar.

Páll Ólafsson mælti með, sampykkt tillögunnar, en varaði við framkomnu sjónarmiði Harðar Ingólfssonar.

Gunnar Guðmundsson tók nú við forsati og Ólafur Ag. Ólafsson t til mals. ~~Með þá umhverfum með því umhverfum~~ Vildi hann að bingið sampykkti tillögu um sama efni er samp. var á síðasta þingi.

Pétur Sumarliðason talaði næstur og þakkaði hann Herði Ingólfssyni fyrir hversu vel hann hefði gert grein fyrir sínu mál, en vildi benda honum á að styrjaldir hefðu aldrei layst nein vandamál mannkynsins og svo væri enn. Vopnlaus heimur væri það eina, sem sæmandi væri síðuðum mönnum að stefna að, en hvorki hernaðartækni né herlið í nokkurri mynd.

Sigurður Guðmundsson vitti mjög málflutning Harðar Ingólfssonar, e ver að öðru leiti sammála öðrum ræðumönnum.

Axel Jónssoh talaði síðastur og sagði -: " Það á að vera metnaðarm ungmennafélaga að við séum einir í okkar landi og ráðum því að öllu leiti sjálfir án íhlutunar nokkurs utanaðkomandi aðila. Siðan var tillaga allsherjarnefndar borin upp. Sjá þskj. 8

6. og 7. Stafliður 2. færist hingað.

8. Fram komu tvær tillögur, önnur frá allsherjarnefnd en hin frá félagsmálaneftnd. Umræður urðu nokkrar og tóku þessir til málss: Hjalti Sigurbjörnsson, Gunnar Sigurðsson, Axel Jónsson, Gísli Andrésson, Ólafur Ólafsson og Ármann Pétursson. Voru allir sammála um að vinna þurfi ötullega að þessum málum og megi ungmenafélagshreyfingin ekki láta sitt eftir liggja í því að klæða landið að nýju skogin og skrúða. Umræðum lauk svo að allsherjarnefnd tók sína tillögu til baka, en samþ. var tillaga félagsmálaneftndar. Sjá þskj. ll.

C. Frá félagsmálaneftnd: Frsm. Ármann Pétursson. Las hann upp tillögur nefndarinnar og gerði stutta grein fyrir þeim. Tillögurnar voru þessar: L X

1. Tillaga um skemmtanir sambandsins. Sp. shlj. Pskj. 12
2. Tillaga um að auka samskifti milli félaga innan sambandsins. Sp. shlj. Pskj. 13
3. Um aukna kynningu á starfsemi ungmenafél-anna. Sp. shlj. Pskj. 14
4. Áskorun um framkvæmdarstjóra á vegum U.M.F.Í. Sp. shlj. Pskj. 15
5. Áskorun um að fjölrita og senda þinggerðir U.M.F.Í. Sp. shlj. Pskj. 16
6. Tillaga um sambandsfána ofl. Sp. shlj. Pskj. 17

Umræður um tillögur félagsmálaneftndar:

Umræður urðu engar um lið 1. til 5

6. Gísli Andrésson skýrði frá því, að um síðustu áramót hafi verið samþykkt á sambandsráðsfundi U.M.F.Í. að sambandsfélögin eignuðust sér fána hvort fyrir sig. Frsm. Hörður Ingólfsson, las hann upp tillögur.

D. Frá íþróttanefnd: nefndarinnar og gerði stutta grein fyrir þeim. Till. voru þessar:

1. Tillaga í sambandi við næsta landsmót U.M.F.Í. Sp. shlj. Pskj. 18
2. Um kaup á æfingabúningum ofl. Sp. shlj. Pskj. 19
3. Um að sambandið gangi í K.S.Í. Sp. shlj. Tillaga um betta efni varð tekin til baka þar sem í ljós kom að sambandið er af sjálfu sér í K.S.Í. um leið og það tekur upp keppnisgreinar H. I.S.Í.
4. Tillægur til sambandsstjórnar í sambandi við íþróttadaginn. Sp. shlj. Pskj. 20.
5. Um innanfélagsmót í starfsíþróttum. Sp. shlj. Pinskj. 21

6. Áskorun til sambandsstjórnar. Visað til
31. þings U.M.S.K. sbr. þskj. Þess þings merkt
~~XVII.~~ XVI. XVII. XVIII. XIX. XX .. *þingdagur 22*

Umræður um tillögur íþróttanefndar:

Umræður urðu engar um einstakr tillögur íþróttanefndar en í sambandi við þær kom aftur þó fram sá ágreiningur er orðið hafði milli félaganna Aftureldingar og Bréiðabliks, í sambandi við áur fyrirhugað knattspyrnumót, sjá VIII. lið og töluðu þeir Sigurður Gunnar Sigurðsson og Siðurður Guðmundsson Lagði S.G.S. til að félögin skipuðu tvo menn hvort til þess að ræða þennan ágreining og yrði formaður sambandsins oddamaður.

- E. Frá fjárhagsnefnd. Frmsm. Páll Ólafsson, las hann upp ~~ng~~ tillögur nefndarinnar og gerði stuðgrein fyrir þeim.
Tillögurnar voru þessar:

1. Þakkarávarp til sýslunefndar. Sp. shlj. *Þskj. 23*
2. Tillaga um 5 manna fjáöflunarnefnd sambandsins Sp. shlj. *Þskj. 24*
3. Um árgjöld félaganna. Sp. shlj. *Þskj. 25*
4. Fjárhagsáætlun fyrir árið 1955 Sp. shlj. *Þskj. 26*

Umræður um tillögur fjárhagsnefndar:

Umræður urðu litlar og engar breytingar á framkomnum tillögum.

Pá var kosin 5. manna fjáöflunarnefnd og hlutu þess kosningu: Guðm. Magnúss. Páll Ólafss. Magnús Sæmundss. Njáll Guðmundsson, og Sveinn Þórarinsson. Varamenn: Hjalti Sigurðjörnsson, og Hreinn Ólafsson.

- XII. Önnur mál. Hörður Ingólfsson kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu og talaði lítillega fyrir henni.
" 32. þing U.M.S.K. fordæmir þær aðgerðir verkfallsstjórmrar í yfirstandandi vinnudeilu, að brjóta lög og rétt á óbreyttum vegfarendum. Jafnframt harmar bingið, að löggæzla ríkisins skuli ekki sjá sér fært að fyrra begna sína ofbeldi því, sem þeim er nú sýnt á vegum úti af völdum svinefndra verkfallsvarða." Engar umræður urðu um þessa tillögu en Sigurður Guðmundsson bar fram svohljóðandi frávísunaáttillögu:
" 32. þing U.M.S.K. samþykkir að vísa tillögu Harðar Ingólfssonar um verkfallsmál frá afgreiðslu.
Tillagan samb. með 8atkv. gegn 6 atkv.
~~Verhöfðstjórmarkessning.~~

XII. Stjórnarkosningi.

Formaður var kosinn Axel Jónsson með 18 atkv.
Varaformaður Ármann Pétursson 13 "

Meðstjórnendur: Gestur Guðmundsson 17 atkv.
Páll Ólafsson 15 "
Sig. Gunnar Sigurðsson 8 "

Varastjórn: Helgi Jónsson 20 atkv.
Gunnar Guðmundsson 18 "
Njáll Guðmundsson 15 "
Kristján Þorgeirsson 8 "
Guðjón Hjartarson 8 "

Endurskoðendur: Ólafur Ág. Ólafsson
Lárus Halldórsson.

Til vara : Guðjón Hjartansson
Bjarni Þorvarðarson.

XIII. Aðrar kosningar:

Fulltrúar á þing U.M.F.Í.

Axel Jónsson með 21 atkv.
Ármann Pétursson 10 "
Lárus Halldórsson 8 "
Gunnar Guðmundsson 11 "

Til vara: Gunnar Sigurðsson 8 "
Gísli Andrésson 5 "
Páll Ólafsson 4 "
Guðjón Hjartansson 3 "

Fulltrúar á þing I.B.Í.: (f.S.Í.)

Axel Jónsson

Til vara : Lárus Halldórsson

Fulltrúar á þing F.R.Í.:

Ármann Pétursson
Jón M. Guðmundsson
Axel Jónsson
Lárus Halldórsson

Til vara: Hjalti Sigurbjörnsson,
Gunnar Sigurðsson,
Þorsteinn Steingrímsson,
Páll Ólafsson.

Í íþróttadómstólmum var Pétur Sumarliðason endurkjörinn.

XIV. Bingslit:

-11-

Að síðustu talaði Axel Jónasson nokkur orð. Pakkaði hann það traust sem félagarnir síndu sér, með því að kjósa sig fyrir formann sambandsins.

Formaðurgat þess að mörg ~~mennumnum~~ verkefni biðu úrlausnar og hvatti félagsmenn að vinna vel á komandi starfsári. *geti sauskarf*

Pá ~~mennumnum~~ pakkaði form. Sveini Þórarinssyni að síðasta ári, en hann létt nú af stjórnarstörfum. Síðan pakkaði hann ~~mennumnum~~ starfsmönnum þingsins gott starf og þingfulltrúum öllum ánægjulegt þing.

Form. pakkaði U.M.F. Breiðablik, fyrir ágætar móttökur. Síðan óskal í form. öllum fulltrúum góðrar heimferðar og bað þá að minnast íslenzka lýðveldisins með ferföldu húrrahrópi, og var svo gert, að því loknu sleit hann 32. þingi U.M.S.K.

Réttsumorlitasoy. Gestur Guðmundsson

Pingskjálx

Ixx

Pingskjöl 32. ping U.M.S.K.

Pingskjál I.

Dagskrá:

- | | |
|---|---|
| 1. Pingsetning. | ¶. Bindindismál. |
| 2. Kosning kjörbréfaneftndar,
álit hennar og kynning fulltr. | 10. Íþróttamál. |
| 3. Kosnir starfsmenn pingsins. | 11. Fréttir frá þingi F.R.I. |
| 4. Álit laganefndar. | 12. Önnur mál. |
| 5. Kosning nefndanefndar. | 13. Álit nefnda. |
| 6. Skýrsla stjórnarinnar,
og reykningar sambandsins. | 14. Stjórnarkjör. |
| 7. Álit nēfndanefndar. | 15. Kosning fulltr. á þing í S.I.
U.M.F.Í. og F.R.Í. |
| 8. Félagsmál. | 16. Aðrar kosningar. |
| | 17. Pingslit. |

Pingskjál II.

lo, gr. orðist svo. Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar, sem skal vera ein af fastanefndum pingsins. Tillögur um lagabreytingarskuulu hafa borist stjórn sambandsins 15 dögum fyrir sambandsþing.

Pingskjál III.

Par sem lög ungmennafélaga í Jandinu eru í ýmsu mjög ósamstæð og viða mjög mikill munur á grundvallaratriðum og enn fremur að lög ~~Ixx~~ héraðssambandanna eru heldur ekki samhljóa, vill 32. ping U.M.S.K. beina eftirfarandi til stjórnar U.M.F.Í.: að leggja fyrir næsta ársþing tillögur að stofnlögum fyrir ungmennafélögin, enn fremur verði lög ~~Nóttumánu~~

héraðasambandanna og lög U.M.F.I. samræmd þannig að hvað vísí til annarsum annars um reglur, ákvæði og viðurlög við broti á félags-eða sambands-lögum.

Greinargerð:

Þar sem vitað er að mjög ~~xx~~ mikill munur er á ýmsum ákvæðum laga hinna einstöku ungmannafélaga, svo sem um lögmæti aðalfunda og skilyrði til lagabreytinga, svo sem að 1/5 hluti félagsmanna getur breytt lögum félags, þetta virðist óviðunandi og væri því ekilegt að hægt væri með stofnlögum fyrir öll félögin að fyrirbyggja sífelldar lagabreytingar og einkum að ekki komi til greina að eitt félag hafi þau ákvæði í lögum sínum, sem stangist algerlega á við ákvæði í lögum annara félaga.

Pingskjal LVth:

32. Þing U.M.S.K. haldið 9.apríl 1955 samp. að beina því til fræðslumálastjórnarinnar að hún hlutist til um að aukin verði fræðsla í skólum landsins um skaðsemi áfengis.

Pingskjal V:

32. Þing U.M.S.K. skorar á alþingi, ríkisstjórn og landsmenn allra að halda áfram ~~baráttunum~~ baráttunni fyrir endurheimt íslenzku handritanna sem geymd eru í Danmörku.

Pingskjal VI.

32. Þing U.M.S.K. telur það ekki vansalaust að engir kvenfulltrúar skuli sitja þingið. Skorar það á félög sambandsins að kjósa að minnsta kosti einn kvenfulltrúa hvert á næsta þing.

Minnanum.

þer munum s.k. færðum til að minna um það að bæta
þá með til að minna um það að bæta

Pingskjal VII.

32. Þing U.M.S.K. felur fulltrúum sínum á landsþingi U.M.F.Í. að bera fram tillögu um að þingið skori á dómsvaldið í Landinu, að stuðla að því að löggaæzla á opinberum skemmtunum í héruðum verði í té látin af því opinbera og kostuð af ríki, myndum sýslu og þeim aðila er samkomuna heldur, að jöfnu.

Pingskjal VIII.

32. Þing U.M.S.K. ályktar : Dvöl erlends herliðs á íslenzku landi er ósamrýmanleg hugsjónum ungmennafélaganna.

Þess vegna telur þingið rétt að varnarsamningnum við Bandaríkin sé sagt upp svo flijótt sem ákvæði samningsins leyfa, og ekkert komi í stað hū herliðsins. Að ekki séu höfð önnur samskifti við hina erlendu hermenn meðan þeir dvelja hér á landi, en ekki verður hjá komist. Jafnframt vill þingið vara við þeirri hættu að beina vinnukrafti landsmanna að störfum mynn fyrir varnarliðið.

Pingskjal VIV.

32. Þing U.M.S.K. átelur harðlega afstöðu Breta í landhelgismálínú Og jafnframt harmar þingið að Norðurlandaráðið veitti íslendingum ekki sjálfsgöðan stuðning í landhelgisdeilunni.

Pingskjal X.

32. Þing U.M.S.K. átelur harðlega þá framkomu bresku stjórnarinnar að láta það afskiftalaust að breskir einstaklingar og hópar óvirði íslenzku þjóðina eins og gert var með blaðaskrifum í Englandi á sínum tíma í sambandi við togarasljósin og löndunardeiluna. Með afskiftaleyseini sínu hafa bresk yfirvöld beinlinis ýtt undir blöð og einstaka hópa um lítilsvirðandi og móðgandi framkomu í garð íslenzku þjóðarinnar.

Magnus.

Pingskjal XI.

32. Þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að leita eftir samstarfi við hreppabúnaðarfélögin ~~á~~ sambandssvæðinu, um stofnun skógræktarfélaga eða félagasambanda í hverju sveitarfélagi, með sérstöku tilsliti til þess að síðan verði stofnað sýslusamband er gerist aðili að landssambandi skógræktarfélaganna.

Pingskjal XII.

32. Þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins: Að afla efnis innan félaga sinna til skemmtunar og fróðleiks, fá það tekið upp á segulband til fluttnings á skemmtunum félaganna, og til kvöldvökufluttnugs í Ríkisútvarpinu, ef fært reynist.

Pingskjal XIII.

32. Þing U.M.S.K. samb. að beina því til stjórnar sambandsins að hún athugi hvort unnt reynist að fá menn til að ferðast milli félaga og halda fræðandi erindi á fundum þeirra, um ýms mál er félögin varða.

Einnig að félagar frá einu félagi heimsækji annað, og gagnkvæmt.

Pingskjal XIV.

32. Þing U.M.S.K. haldið 9. apríl 1955, beinir því til stjórnar U.M.F.Í. að hún kynni opinberlega meir en gert er stefnuskrá og starfsemi ungmannafélaganna, t.d. með kvöldvökum og þáttum í Ríkisútvarpinu og í blaðamannaviðtölum.

Pingskjal XV.

32. Þing U.M.S.K. haldið 9. apríl 1955, samb. að beina því til næsta þings U.M.F.Í. að U.M.F.Í. ráði sér framkvæmdastjóra, og leiti til alþingis um fjárstyrk þessu skyni.

Pingskjal XVI.

32. Þing U.M.S.K. haldið 9. apríl 1955, skorar á stjórn U.M.F.Í. að láta framvegis fjölríta þinggerðir sambandsþinga og ~~vinn~~fundargerðir sambandsráðs U.M.F.Í. og senda þær öllum sambandsfélögnum.

Pingskjal XVII.

32. Þing U.M.S.K. samp. að gerður skuli fáni fyrir samþandið þegar á þessu ári. Tinnig beinir þingið þeirri áskorun til stjórnar U.M.F.f. að hún hlutist til um að öll héraðssamböndin eignist sína sérfána sem m.a.yrðu notaðit á landsmótum U.M.F.f.

Pingskjal XVIII.

32. Þing U.M.S.K. haldin 9.apríl 1955, beinir því til stjórnar sambandsins að hún undirkví sem hezt verður á kosið pátttöku sambandsins í landsmótinu á Akureyri í summar. T. d. með skipulægum íþróttasfingum undir stjórn íþróttakennara, og einnig með því að hvetja íþróttafólk til æfinga. Tinnig undirkví stjórnin hópferð sambandsfélaganna á landsmótið.

Pingskjal XIX.

32. Þing U.M.S.K. 9.4. "55, samp. að heimila sambandsstjórn að festa kaup á nekkrum æfingakúningum, sem séu allir í sama lit og með merki sambandsins, eða stíflum, og líni félagsmannum þá til notkunar á íþróttamótum. Tinnig mækir nefndin með því við sambandsstjórn að hún hafi forgöngu með að útvega þeim félögum er æskja, búninga pessa á kostnaðar-verfi.

Pingskjal XX.

32. Þing U.M.S.K. 9.4. "55, beinir því til stjórar sambandsins að hún heiti sér fyrir innlyris-keppni félaganna í sambandi við íþróttadag F.R.I. næsta summar, og farið verfi eftir sama stigaútreikningi og hafður er við hann.

Pingskjal XXI.

32, Þing U.M.S.K. 9.4. "55, beinir því til stjórnna félaganna innan vélanda sinna, að þau heiti sér fyrir innanfélagsmótum í starfsíþróttum og leiti jafnframt eftir samvinnu við búnaðarfélög hérafanna um framkvæmd þeirra.

Pingskjal XXII.

32. Þing U.M.S.K. 9.4."55, beinir þeirri áskorun til stjórnar sambandsins að hún kemni til framkvæmda þegur á næsta ári samp.

31. Þing U.M.S.K. ~~maannum~~ sambr. Þingskjal XVI XVII.XVIII.XIX. og XX.

Pingskjal XXIII.

32. Þing U.M.S.K. sendir sýslunefndum GuJlJhr.- og Kjósarsýslu sínar beztu þakkir fvrir að sýndan skilning á gildi félagsskaparins, með veittum fjárstyrk.

Pingskjal XXIV.

32. Þing U.M.S.K. samp. að kosin verði 2 manna fjárfjunarnefna er starfi í samræði við sambandsstjórn.

Pingskjal XXV.

32. Þing U.M.S.K. samp. að hækla árstíðig félaganna til samlandsins úr kr. 6,00 í kr. 8,00, fyrir hvern skattskyldan félagsmann.

Pingskjal XXVI.

Fjárhagsáætjun fyrir árið 1955.

Tekjur:

Árgjöld félaganna kr. 2.984,00
Styrkur sýslusj. GuJlJhr 2.000,00
" " Kjósars. 7.000,00
Tekjur af skemmtunum. 5.000,00
Vextir af innsteðu. 100,00

Gjöld:

Lögboðnir skattar .	kr. 1.865,00
Kostn. við fíflritun þinggerðar.	800,00
Kostn. við landsm. U.M.F.I.	7.000,00
Kostn. við utanhéfðasmót.	1.000,00
Íþróttahöld.	1.000,00
Kostn. við innanhéfðasmót.	1.000,00
Íþróttahúnningar.	1.600,00
Til íþróttakennslu.	1.000,00
Ýmiss kostnaður.	1.500,00
Óráðstafað.	310,00

Kr. 17.084,00.

Kr. 17.084,00.

